

Afbrotatölfræði

Desember 2007

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN


Í desember 2007 var tilkynnt um 943 hegningarlagabrot sem jafngildir að 30 slík brot hafi verið tilkynnt á dag. Brotin voru fleiri yfir sama tímabil síðustu fjögur árin á undan (sjá mynd 1). Umferðarlagabrot hafa hins vegar ekki verið fleiri í desember ef lítið er til síðustu fjögurra ára. Má rekja það að stórum hluta til fjölgunar hraðakstursbrota.

Það voru 202 fíkniefnabrot skráð í desember 2007 sem er 14% meira en í desember 2006. Ekki hafa fleiri fíkniefnabrot verið skráð síðustu fjögur árin. Fíkniefnabrot er vörðuðu vörslu og meðferð fíkniefna voru þar af 172 talsins.


Eins og sjá má á mynd 2 áttu flest rúðubrot sér stað í janúar (118 brot) og september (121 brot) árið 2007. Tilkynnt var um flest hnupl í september (89 brot) og nóvember en þá voru 95 slík brot framin. Flest veggjakrot voru hins vegar skráð í febrúar (60 brot) og í júní (54 brot).

Á töflu 1 má sjá að þjófnaðarbrot, eignaspjöll, innbrot, ölvunarakstur, áfengislagabrot, akstur gegn rauðu ljósi og nytjastuldur voru færri í desember en síðustu tvö árin. Hraðakstursbrot voru hins vegar mun fleiri en 2005 og 52% fleiri en árið 2006. Fjöldi líkamsmeiðinga (217. og 218. gr. alm. hgl.) var svipaður og í desember 2006.

Á mynd 3 má sjá vettvang rúðubrota og veggjakrots en slík brot falla undir minniháttar eignaspjöll. Tilkynnt var um 1.114 rúðubrot á árinu 2007. Áttu 27% þeirra sér stað á akbraut eða bifreiðastæði, 21% þeirra á heimili eða einkalóð og 19% á stofnunum. Þá var tilkynnt um 468 veggjakrot og áttu 25% þeirra sér stað á stofnunum en 21% á heimili eða einkalóð.




Mynd 1. Fjöldi brota í desember 2003-2007 eftir tegund brots



Mynd 2. Fjöldi nokkurra brota árið 2007 greint eftir mánuðum.

Tafla 1. Fjöldi brota eftir helstu brotaflokkum í desember 2005-2007.

	des.2007	des.2006	des.2005
Hraðakstursbrot	2086	1369	898
Þjófnaðarbrot	190	246	301
Eignaspjöll	274	308	277
Innbrot	140	241	163
Ölvun við akstur	153	188	184
Fíkniefnabrot	202	177	182
Áfengislagabrot	118	133	178
Líkamsmeiðingar (217 og 218)	128	129	106
Akstur gegn rauðu ljósi	61	115	99
Nytjastuldur	26	46	49



Mynd 3. Vettvangur rúðubrota og veggjakrots árið 2007.

Afbrotatölfræði

Desember 2007

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í desember 2005, 2006 og 2007 eftir umdæmum.

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot			Fíkniefnabrot		
	2007	2006	2005	2007	2006	2005	2007	2006	2005
Akranes	16	23	29	91	44	80	4	2	0
Akureyri	62	62	56	93	94	144	15	7	19
Blönduós	2	5	1	57	291	80	1	2	1
Borgarnes	11	12	7	79	174	40	4	6	3
Eskifjörður	8	18	13	23	71	66	2	1	2
Húsavík	9	6	8	75	42	12	3	0	3
Hvolsvöllur	9	4	9	119	77	58	0	3	0
Höfuðborgarsvæðið	669	859	779	1484	1499	1451	138	112	108
Sauðárkrókur	19	6	12	20	38	3	3	0	1
Selfoss	34	61	24	100	211	209	8	10	4
Seyðisfjörður	5	6	6	17	40	43	2	1	0
Snæfellsnes	7	6	3	960	17	27	0	0	1
Suðurnes	75	90	122	137	223	209	17	26	29
Vestfirðir	9	7	24	35	48	35	5	6	6
Vestmannaeyjar	8	14	16	8	44	18	0	1	5
Alls	943	1179	1109	3298	2913	2475	202	177	182

Hegningarlagabrot voru fleiri í desember 2007 en 2006 á Húsavík, Hvolsvelli, Sauðárkróki, Snæfellsnesi og á Vestfjörðum. Á Akureyri var fjöldi hegningarlagabrota í desember sá sami og árið 2006, eða 62 brot (sjá töflu 2).

Heildarfjöldi umferðarlagabrota var meiri í desember 2007 en síðustu tvö árin á undan. Stafræna hraðamyndavélin í Hvalfirði á líklega einhvern þátt í því en brotin eru skráð á Snæfellsnesi þar sem úrvinnsla fer fram. Umferðarlagabrotum fækkaði mest milli ára á Blönduósi, Eskifirði og í Vestmannaeyjum.

Fíkniefnabrot á höfuðborgarsvæðinu voru 138 í desember 2007 en 112 yfir sama tímabil í fyrra. Brotunum fjölgaði einnig á Akureyri, Eskifirði, Húsavík, Sauðárkróki og Seyðisfirði.

Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 14. janúar 2008 og eru tölur fyrir árið 2007 bráðabirgðatölur.

Í byrjun árs 2005 tók lögreglan í notkun nýtt skráningarkerfi. Þetta skiptir máli þegar fjöldi brota árið 2005 er borinn saman við fjölda brota 2006 og 2007.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni að frátöldum þeim sem reynast við nánari athugun ekki vera brot. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kæru fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.